



SIÐAREGLUR PARFÆPINGS HF

2024



1. Inngangur

Parfaping starfar á byggingarmarkaði, aðallega við uppbyggingu á íbúðarhúsnæði og ýmsum öðrum verkefnum fyrir bæði fyrir ríki, sveitarfélög og önnur fyrirtæki. Við viljum vera fyrsti valkostur viðskiptavina okkar, góður samfélagsþegn og eftirsóttur vinnuveitandi.

Við leggjum ríka áherslu á að þjóna okkar viðskiptavinum á einfaldan og hagkvæman hátt. Við viljum þjóna viðskiptavinum okkar þannig að þeir komi til okkar aftur og aftur. Við erum meðvituð um að orðspor og ímynd fyrirtækisins og traust í okkar garð byggir á frammistöðu okkar hvern dag. Því leggjum við áherslu á að vanda til verka og huga að hverju smáatriði. Við þurfum sjálf að standa vörð um orðspor okkar.

Það er mikilvægt að við séum meðvituð um þær áherslur og gildi sem sameina okkur og gera okkur að því sem við erum. Gildi Parfapings eru eftirfarandi.

Traust

Við erum traust okkar viðskiptavinum og sýnum forystu með góðum orðstír á okkar sviði

Gæði

Við veitum viðskiptavinum okkar heildarlausnir í hæsta gæðaflokki

Áreiðanleiki

Við erum áreiðanleg í okkar verkum og höfum afburða þekkingu á hverju verkefni fyrir sig

2. Lög og virðing

Við leggjum áherslu á að fara ávallt að lögum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og fylgjum þeim reglum sem fyrirtækið setur á hverjum tíma.

Við sýnum hvort öðru virðingu og líðum ekki óréttlæti, s.s. einelti, kynferðislega áreitni eða mismunum vegna ómálefnalegra þátta eins og kynferðis, trúar, kynþáttar eða kynhneigðar. Ef við verðum vör við einelti eða óréttlæti, upplýsum við yfirmenn okkar um það samstundis.

Við notum ekki aðstöðu okkar í fyrirtækinu, svo fyrirtækið beri skaða af. Við misnotum ekki tölvupóst, tölvur, bréfsefni eða nafnspjöld o.fl. með persónulegan ávinning í huga.

3. Við gætum trúnaðar

Við erum bundin þagnarskyldu samkvæmt lögum, um hvað eina sem við verðum áskynja í starfi okkar varðandi viðskiptavinum okkar, sem og um starfsemi fyrirtækisins og starfsmenn. Við vitum að þagnarskylda helst þrátt fyrir starfslok. Við nýtum okkur ekki trúnaðarupplýsingar til fjárhagslegs ávinnings fyrir okkur sjálf eða aðra. Við förum vel með trúnaðargögn fyrirtækisins og gætum þess að þau séu tryggilega geymd.



4. Gjafir og hagsmunir

Við tökum ekki við gjöfum eða annars konar greiðslu eða þjónustu, svo sem boðsferðum, skemmtunum, fríðindum eða greiðsu nema með samþykki yfirmanns. Gildir það um gjafir frá birgjum, þeim sem óska eftir að eiga viðskipti við fyrirtækið, eða öðrum þeim sem gætu hagnast á ákvörðunum starfsmanna fyrirtækisins.

5. Samfélagið og félagsmál

Við tökum öll þátt í félagsstörfum og sinnum samfélagsmálum. Við viljum láta gott af okkur leiða. Við gætum þess þó að háttsemi utan vinnutíma hafi ekki slæm áhrif á starf okkar eða orðspor fyrirtækisins. Stjórnendur og yfirmenn fyrirtækisins þurfa skriflega heimild til þess að stunda launaða vinnu utan fyrirtækisins.

6. Góð samskipti

Til þess að bæta árangur okkar og starfsánægju, fylgjum við samskiptareglum og komum fram við hvert annað eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur.

Samskiptareglur

Við hrósum og hvetjum hvert annað
Við virðum skoðanir hvers annars
Við erum heinskilin
Við erum jákvæð
Við baktölum ekki náungann
Við hlustum hvert á annað
Við göngum vel um vinnustaðinn okkar
Við veitum liðsinni ef við sjáum að einhverjum líður illa
Við fundum reglulega saman og tryggjum þannig góð samskipti
Við erum létt í lund – húmorinn til staðar

Samþykkt 2025

Stjórn Parfapings hf